

**Stjórn byggðasamlags UTU - 109. fundur
haldinn á Laugarvatni, miðvikudaginn 24. apríl 2024
og hófst hann kl. 09:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Árni Eiríksson varamaður, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur UTU 2023

Ársreikningur 2023 fyrir UTU lagður fram, Nanna fór yfir ársreikninginn sem endurskoðaður var af PwC ehf. Jafnframt var lögð fram til kynningar endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2023.

Heildartekjur embættisins námu 193,7 millj. kr. og þar af voru þjónustutekjur 159,5 millj. kr. og seld þjónusta 34,1 millj. kr. Rekstrarniðurstaða embættisins samkvæmt ársreikningi var 0 kr. en reksturinn er rekinn á núlli þar sem aðildarsveitarfélögin ábyrgjast framlög til embættisins ef tekjur þess duga ekki fyrir kostnaði þess.

Stjórn ræddi ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni.

Samþykkt samhljóða.

2. Samþykktir UTU umræða um stöðuna

Farið yfir stöðu umræða á samþykktum UTU hjá aðildarsveitarfélögunum. Öll sveitarfélögin hafa vísað samþykktunum til síðari umræðu. Hrunamannahreppur er að leita áhlits sérfræðinga á milli umræða á núverandi fyrirkomulagi byggðasamlagsins og þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru að teknu tilliti til hagsmuna Hrunamannahrepps.

Lagt fram til kynningar.

3. Launagreining

Lögð fram drög að samning við Stratégía um að fara yfir starfa- og launuppbyggingu starfsfólks aðildarsveitarfélaganna og gera sameiginlega starfaflokkun og launagreiningu. *Umræður um samstarfsverkefni og byggðasamlög aðildarsveitarfélaganna.*

Lagt fram til kynningar.

4. Hverabraut 6

Skrifstofustjóri kynnir stöðuna á flutning skrifstofunnar sem verður 29.-30. apríl. Einnig farið yfir innra skipulag og rætt um fyrirhugað rými sem verður leigt út af UTU. *Skrifstofustjóra og formanni falið að vinna málið áfram.*

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

Ljóst er að samdráttur er í tekjum og fjölda verkefna hjá UTU á síðustu árum. *Skrifstofustjóra og formanni falið að yfirfara reksturinn og kanna möguleika á hagræðingu.*

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:55

—

Helgi Kjartansson

Árni Eiríksson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Varamaður
Árni Eiríksson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson